

Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

19. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki mánudaginn 9. desember 2019 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 14:00.

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Tómas Ellert Tómasson, Magnús Gíslason, Hrund Harðardóttir, Helga Sighvatsdóttir, Frá Hornsteinum kom Ólafur Þ. Hersisson, Óðinn K. Andersen, Atli Marel Vokes, Birgir Edwald og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð.

- 1) Ólafur rifjaði upp það sem var kynnt á síðasta fundi. Kynnti tillögu sem byggir á því sem þar kom fram er varðar staðsetningu skólans á lóðinni. Þar er tekið mið af ríkjandi vindáttum o.fl. Einnig kynnti hann frumdrög að fyrstu hæðinni þar sem m.a. er tekið mið af góðu flæði um skólann. Gert er ráð fyrir að íþróttahúsið geti opnast inn í salinn. Ólafur kynnti fyrstu hugmynd að innra skipulagi kennslurýma. Umæða hvort ættu að vera fataskápar eða venjulegir snagar. Einng fjallað um fjölnotasalinn, opnun á milli hans og æfingasals og leið inn í tónlistarskólann. Tryggja þarf að hægt sé að myrkva hátíðar-salinn. Umræða um lyftufjölda og margt fleira.
- 2) Mikil gerjun er í gangi og enn hægt að snúa byggingunni þannig eð almennu kennslu-svæðin snúi enn meira að skólalóðinni. Stjórnunarrýmin snúa að aðkomu skólans en svo er möguleiki á að þau teygi sig yfir á vesturhlutann sem snýr að skólalóðinni.
- 3) Umræða um staðsetningu á undirgöngum á Eyrarvegi v/gönguleiða.
- 4) Samþykkt að halda næsta fund föstudaginn 10. janúar kl. 14.

Fundi slitið kl. 15:30